

2. gr.

6. gr. 4. tl. orðist svo:

Að félagsmenn séu fjárráða, heimilisfastir innan kaupstaðarins eða kaupsins, hafi ekki átt viðnandi íbúð fyrir sig og fjölskyldu sína síðastliðin tvö ár og hafi eigi haft yfir 120 þúsund króna árstekjur miðað við meðaltal þriggja síðustu ára, að viðbættum 10000 krónum fyrir hvert barn á framfæri, né yfir 250 þúsund króna skuldlausu eign, allt miðað við þann tíma, þegar félagsmaður kaupir íbúðina. Tölur þessar breytast í samræmi við kaupgjaldsvísitölu.

3. gr.

6. gr. 8. tölul. síðasti málslíður orðist svo:

Ef maður hefur átt íbúðina í 10 ár, má hann að auki njóta verðhækkunar, sem svarar helmingi af eftirstöðvum byggingarlánsins, enda greiði hann upp helming af eftirstöðvum lánsins, þegar sala fer fram. En hafi maður átt íbúðina í 20 ár, má hann njóta verðhækkunar á verði allrar íbúðarinnar, ef hann greiðir eftirstöðvar lánsins að fullu.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 8. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Emil Jónsson.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 12 30. jan. 1952, um ráðstöfun erfðafjárskatts og erfðafjár ríkissjóðs til vinnuheimila.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi* hefur fallið á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Fé því, sem rennur í erfðafjár sjóð samkvæmt 1. gr., skal varið til lána og styrkveitinga til þess að koma upp vinnuheimilum og öðrum stofnunum fyrir öryrkja og gamalmenni í því skyni, að starfsgeta þeirra komi að sem fyllstum notum. Er heimilt að veita sveitarfélögum, öðrum félögum og einstökum mönnum lán og styrki úr sjóðnum í þessu skyni, en þó fari samanlagðar upphæðir lána og styrkja eigi fram úr $\frac{2}{3}$ af stofnkostnaði stofnunarinnar.

Ef fjárhagur sjóðsins leyfir, er enn fremur heimilt að veita framangreindum aðilum lán úr sjóðnum með sömu skilmálum til þess að koma upp elliheimilum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi numin lög nr. 25 14. maí 1960.

Gjört að Bessastöðum, 10. maí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.
(L. S.)

Emil Jónsson.